

Vetur og vor 2019

Æskulýðsskýrsla Hestamannafélagsins Þyts 2019



NEFNDIN:

Hallfríður Sigurbjörg Óladóttir formaður

Irina Kamp

Katarina Borg

Matthildur Hjálmarsdóttir

Sigurður Björn Gunnlaugsson.

Skýrsla Hestafimleikadeildar Hestamannafélagsins Þýts

Starfstími hestafimleikadeildarinnar er frá miðjum ágúst og fram í maí.

Á haustin hefjast æfingar í íþróttahúsinu á Hvammstanga og eru þar tvisvar í viku fram á vorið.

Þar æfa saman börn á aldrinum 4 ára til 15 ára og er þeim skipt í tvo hópa á æfingunum eftir getu, þó þau æfi samt öll saman.

Æfingar í íþróttahúsinu eru mjög mikilvægar til að þjálfra grunnæfingar og getu. Einnig eru þær mjög fjölbreyttar og miðast þær við að byggja upp traust meðal iðkenda.

Helst er hægt að útskýra þetta með því að hestafimleikar byggjast á þríhyrningi sem saman stendur af hestinum, þjálfaranum og krökkunum og allir verða að geta treyst öllum í þessum hóp.

Á haustin færast svo æfingarnar upp í reiðhöll þar sem æft er á hesti.



Síðastliðinn vetur voru þrír hestar í verkefninu . Tveir hestar voru að staðaldri á hverri æfingu og einn var svo að auki fyrir þá sem voru styttra komnir.

Krakkarnir skiptast á að undirbúa hestinn fyrir hvern tíma og að skila honum af sér í lok hvers tíma. Þetta er gert til þess að krakkarnir kynnist líka að umgangast og undirbúa hestinn (kemba og leggja á) því flestir af þessum krökkum eru ekki tengd hestamennsku að öðru leiti.

Starfsemi tímabilsins var eftirfarandi.

Farið var í ferð til Reykjavíkur, þar sem við tókum æfingu í Gerplu með þjálfara frá þeim, farið var á ísskauta og við höldum sýning á Hrafnistu sem vakti mikla lukku vistmanna þar.

Við vorum með sýningu hjá Kidka í tengslum við jólamarkað.

Höfðum okkar árlegu sýningu á dvalarheimilinu á Hvammstanga. Eldra fólkið er alltaf spennt og ánægt með þessa sýningu sem er orðinn árlegur viðburður.

Á þessum sýningum notuðum við kassahest því alvöruhestur hentar illa við þessar aðstæður ☺

Gisting í íþróttahúsinu á Hvammstanga og sýning fyrir krakka frá Snæfellsnesi sem komu til þess að kynna sér hestafimleikana og prófa.

Leikskólanámskeið sem 14 krakkar 3-6 ára fengu að prófa í 3 skipti og á síðustu æfingunni fyrir páska var endað á eggjaleit með öllum hinum krökkunum. Þannig að aldursbilið var 3-15 ára.

Við buðum börnunum í frístund grunnskólans á kynningu á starfsseminni. Þetta voru 15 krakkar í allt.

Við vorum með sýningu á Unglistahátíðinni Eldur í Húnaþingi og á eftir henni var prufutími fyrir alla áhorfendur sem vildu, á Frosta sem er æfingahesturinn okkar og líka á tréhestinum Trausta. Þetta lukkaðist ljómandi vel og varð skemmtileg upplifun fyrir fjölskyldur barnanna þar sem foreldrar og systkini fengu að prófa og úr varð hin mesta skemmtun.

Tvisvar á hvorri önn var dósasöfnun. Krakkarnir ásamt foreldrum og þjálfurum fara um Hvammstanga og nágrenni og safna dósum til þess að greiða niður ferðakostnað og kostnað af búningum.



Eins og sést á þessari upptalningu er geysilega fjölbreytt starf hjá Hestafimleikadeildinni og stefnum við á að halda því áfram á komandi starfsári. Enda er mikilvægasti hlutinn af starfsemiinni að vinna saman að hinum ýmsu verkefnum og efla þannig traustið sem ríkir innan hópsins.

Margir velta fyrir sér hvernig sé hægt að lýsa þessari starfsemi sem er eðlilega ekki augljóst, þar sem þetta er líklega eina starfandi hestafimleikadeildin á Íslandi. Hér er líka helsta nýliðunin í okkar félagi því á hverju hausti byrja 10 – 15 nýjir krakkar og má það teljast nokkuð gott í dag hjá ekki stærra félagi.

Í stuttu máli er hægt að segja að þetta sé ekki bara fimleikar á hesti. Heldur mætti frekar líkja þessu við blandaða fjölskyldu. Aldurshópurinn er mjög breiður, getan er mismunandi, hesturinn skilur ekki talað mál, en enginn í hópnum getur verið án hinna.

Allir geta tekið þátt í því sem við erum að gera, því hver fær hlutverk við sitt hæfi.

Um 30 flottir krakkar tóku þátt í Æskulýðsstarfi Þyts þetta árið.

Buðum við upp á reiðþjálfun, keppnisþjálfun og hestafimleika

Vetrarnámskeið í reiðmennsku

Kennari var Jónína Lilja Pálmadóttir

Hvert námskeið stóð yfri í 10 vikur og kennt var einu sinni í viku

Reiðþjálfun: Börn á aldrinum 6-12 ára tóku þátt í þessu námskeiði. Alls voru 4 börn á námskeiðinu og kennt var í einum hóp þar sem þessir krakkar eru með svipaða reynslu. Flestir krakkarnir voru með sinn eigin hest á námskeiðinu, en þeir sem áttu ekki hest fengu lánaðan eða leigðan hest sem félagið hjálpaði til við að finna í sameiningu með hesthúsaegendum á Hvammstanga. Námskeiðið gekk vel og frábært að sjá áhugann hjá krökkunum. Hópurinn átti fullt í fangi með að stjórna sínum hestum og læra mismunandi reiðleiðir og þrautir. Farið var töluvert yfir grunnábendingar til það auka stjórn á hestunum (stoppa og beygja) og æfa sig í að fara hraðar tölt /brokk. Farð var í leiki sem innihélt þessar æfingar til þess að auka fjölbreytileikann í kennslunni .





Keppnisþjálfun: Alls voru 4 börn sem tóku þátt í keppnisþjálfun en þar er lögð áhersla á að kenna nemendum að þjálfa hestinn sinn rétt ásamt því að kenna þeim góða ásetu og stjórnun á mismunandi gangtegundum. Farið er yfir keppnisfyrirkomulagið og helstu reglur í keppni. Í hverri viku fyrir mót var haldin æfing þar sem farið var yfir prógrammið og krökkunum leiðbeint.

